

MÓTAHALD UMFÍ
TILLAGA FRÁ STJÓRN

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshóteli í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, samþykkir að veita stjórn UMFÍ heimild til þess að gera samninga við sambandsaðila um mótahald til fleiri en eins móts í einu.

Greinargerð:

Unglingalandsmót UMFÍ eru einn af stærstu viðburðum UMFÍ ár hvert. Til að tryggja góðan undirbúning, öfluga aðstöðu og sem besta nýtingu mannauðs og fjármuna er nauðsynlegt að sveitarfélög og samstarfsaðilar hafi meira öryggi um framtíð mótanna en aðeins til eins móts í senn.

Með því að veita stjórn UMFÍ heimild til að gera samninga til lengri tíma en eins árs skapast stöðugleiki sem stuðlar að faglegri framkvæmd, meiri fjárhagslegum fyrirsjáanleika og bættum möguleika sveitarfélaga og annarra samstarfsaðila til að ráðast í langtíma fjárfestingar tengdar mótunum.

Vísað til: